



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2014.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, 144. löggjafarþing 2014 - 2015. Þingskjal nr. 295 – 257. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint lagafrumvarp til umsagnar..

MRSÍ fagnar frumvarpinu og telur það ætíð af hinu góða að ríkið geri ráðstafanir til þess að vinna betur að ákveðnum málaflokkum og auka skilvirkni stjórnvalda og telur skrifstofan þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu geta stuðlað að aukinni hagræðingu og skilvirkni í þjónustu við fatlað fólk. Vel hefur verið staðið að vinnu við sameininguna og samráð haft við helstu hagsmunaaðila.

MRSÍ vill koma á framfæri ákveðnu misræmi í hugtakanotkun í ofangreindu frumvarpi og í drögum að frumvarpi sem auglýst var á heimasíðu innanríkisráðuneytisins þann 20. október s.l. Í þeim drögum er verið að skipta út hugtakinu „daufblinda“ fyrir „samþætt sjón- og heyrnaskerðing“. Telur MRSÍ að mikilvægt sé að gæta að samræmi í lögum og því vert að skoða hvort ekki sé þörf á breytingu í því frumvarpi sem hér er til umsagnar. Sú hugtakanotkun sem lögð er fram í frumvarpsdrögum innanríkisráðuneytisins er í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og í samræmi við nútíma hugtakanotkun og því ætti að leggja hana til grundvallar.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur